



700 Húftrygging smábáta

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. Lög um vátryggingarsamninga.

- 1.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög um vátryggingarsamninga nr. (númer)30/2004.

2. Það sem vátryggingin nær til.

- 2.1 Vátryggingin nær til báts þess sem greinir í skírteininu og fylgifyr hans. Til báts og fylgifyr teljast m.a. skrokkur, vél, gangskrúfa ásamt öxlum og gírum, siglinga- og fjarskiptatæki, fiskleitartæki, handfærarúllur, hvers kyns vindubúnaður, flotgallar, björgunarbátur ásamt nauðsynlegum varahlutum enda séu munir þessir um borð í bátnum meðan hann er í notkun.
- 2.2 Undir vátryggingu þessa falla ekki veiðarfæri, afli, bólfæri, fiskkassar, línur, belgir, baujur, vistir og farangur.

3. Það sem vátryggingin bætir.

3.1 Vátryggingin bætir:

- algert tjón, sbr. (samanber) 21. grein,
- tjón á hinum vátryggða báti sem beinlínis stafa af eldsvoða, sprengingu, strandi, óveðri, brotsjó, ásiglingu á mannvirki eða rekald, þar með talinn ís, eða af árekstri við annað fljótandi far enda sé a.m.k. annað farið undir siglingastjórn, en með óveðri er átt við að vindhraði nái 11 vindstigum (28,5 m/sek(metrar á sekúndu)) í a.m.k. (að minnsta kosti) 10 mínútur samfellt skv. (samkvæmt) mælingu Veðurstofu Íslands og séu veðurmælingar ekki fyrir hendi, er óveðurstjón verður, skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónsstað,
- tjón sem stafa af því að báturinn hefur slitnað frá eða sekkur við bólvirki, bólfestu eða bryggju sem félagið og vátryggingartaki hafa komið sér saman um, en þó eru undanskilin tjón skv. k. lið gr. (grein) 5.1,
- tjón sem stafa af innbroti, þjófnaði eða skemmdarverkum, en þó með því skilyrði að siglingatæki, fjarskiptatæki, handfærarúllur og annar laus búnaður sé tekinn úr bátnum þegar hann er uppi á landi eða í höfn til lengri tíma,
- kostnað við björgun og aðrar ráðstafanir til að varna tjóni samkvæmt reglum 38. gr. laga nr. 30/2004,
- tjón á bátnum, sem verða við sjósetningu eða upptöku, vegna skyndilegrar og óvæntrar óhappatilviljunar svo og í flutningi að og frá geymslustað innan sama lögsagnarumdæmis,
- tjón af völdum jarðskjálfta, eldgosa og snjóflóða,
- tjón á bol báta úr trefjaplasi eða plastefnum eru bætt samkvæmt viðurkenndum aðferðum, en það telst fullnaðarviðgerð þó um útlitsgalla sé að ræða,
- tjón af völdum bruna, óveðurs, aurskiðu, innbrots, þjófnaðar og skemmdarverka, þegar báturinn er í uppsátri.

- 3.2 Vátryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggingartaka vegna tjóns sem báturinn veldur með árekstri og tjóns sem verður á annan hátt vegna mistaka við stjórnun hans, enda sé tjónið bein afleiðing skemmda á munum eða líkamsmeiðsla.

- 3.3 Vátryggingin bætir kostnað við að fjarlægja flak bátsins.

- 3.4 Hámark samanlagðra bóta samkvæmt 2. og 3. mgr. vegna eins tjónsatburðar er það hámark sem kveðið er á um í 1.-3. mgr. (málgrein) 177. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

4. Bátur sama eiganda.

- 4.1. Nú rekst vátryggður bátur á annað skip, er bjargað eða fær aðstoð annars skips og er félagið þá greiðsluskýlt, þótt það skip sé eign vátryggðs eða bæði skipin lúti sömu útgerðarstjórn.

5. Undanskildar áhættur.

5.1 Vátryggingin bætir ekki:

- skaðabótakröfu frá starfsmönnum eiganda eða útgerðarmanns, né heldur skaðabótakröfu frá eigendum afla eða annars sem báturinn flytur,
- tjón á vélum, skrúfubúnaði, rafkerfi, siglinga- og fjarskiptatækjum, fiskleitartækjum, handfærarúllum og öðrum búnaði, nema tjónið verði rakið til bótaskyldra orsaka samkvæmt 3. gr.,
- tjón á mastri, reiða og seglum í skipulögðum kappsiglingum,
- skemmdir af ófullnægjandi viðhaldi, fúa, þreytu, tæringu, sliti eða sambærilegum orsökum,



700 Húftrygging smábáta

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- e. tjón sem rakið verður til hönnunargalla,
 - f. tjón sem verða vegna þess að báturinn er útbúinn svokölluðu „blautpústi“ þ.e. (það er) útblástur vélarinnar er tengdur sjókælingu,
 - g. tjón sem stafar af því að báturinn var óhaffær er hann lét síðast úr höfn, ófullnægjandi útbúinn eða var ekki tryggilega hlaðinn,
 - h. tjón sem verður rakið til stríðs, óeirða, upppots, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða,
 - i. tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar eða geislavirkra efna,
 - j. óbeint tjón svo sem aflatjón og kostnað vegna tafa,
 - k. tjón sem verður af samslætti við báta, skip eða bryggju nema um beina ásiglingu sé að ræða.
 - l. tjón á tölvubúnaði eða hugbúnaði sem stafar af því að þessi búnaður virkar ekki eðlilega við tímaskráningar. Með tímaskráningu er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tilgreiningin virkar sem upplýsingar, kóði, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða samblandi þess hvoru tveggja,
 - m. hvers konar konar tjón, beint eða óbeint af völdum perflúor-, perflúoralkýl- og pólýflúoralkýl- efna eða efnasambanda (PFAS) í hvaða formi sem er.
- 5.2 Félagið greiðir ekki bætur samkvæmt vátryggingu þessari að því marki sem greiðsla slíkra bóta gæti leitt til þess að félagið yrði að þola viðurlög, bönn eða takmarkanir af hvaða tagi sem er á grundvelli ályktana Sameinuðu þjóðanna eða viðskipta- eða efnahagsþvingana, laga, tilskipana eða reglna settum af s.s. Evrópusambandinu eða öðrum fjölþjóða samtökum eða stofnunum eða einstökum ríkjum.
- 6. Takmörkun á bótasviði vátryggingarinnar vegna illviljaðra netárása.**
- 6.1 Vátryggingin tekur ekki til tjóns, skaðabótaábyrgðar eða kostnaðar sem hlýst beint eða óbeint af völdum notkunar eða starfrækslu hvers kyns tölva, tölvukerfa, tölvuhugbúnaðar, spillikóða, tölvuvírusa, tölvuvinnslu eða hvers kyns rafeindakerfa í þeim tilvikum þegar tilgangur notkunarinnar eða starfrækslunnar er að valda tjóni.
- 7. Haffærisskírteini.**
- 7.1 Það er skilyrði fyrir vátryggingu þessari að báturinn hafi haffærisskírteini, skoðunarvottorð og mælibréf í samræmi við ákvæði skipalaga nr. 66/2021 og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.
- 8. Svik og aðrar rangar upplýsingar.**
- 8.1. Hafi vátryggingartaki við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og vátryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 20. gr. vátryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja vátryggingunni upp, sbr. 21. gr. laganna.
- 8.2. Veiti vátryggður við uppgjör bóta af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. vátryggingarsamningalaga.
- 9. Siglingasvæði og breyting á rekstri.**
- 9.1 Ábyrgð félagsins takmarkast við notkun bátsins innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Þó bætist tjón ef báturinn fer út fyrir hin landfræðilegu mörk vegna bótaskylds vátryggingaratburðar eða slíkt hafi verið nauðsynlegt til að koma í veg fyrir tjón á mönnum eða munum. Bátinum skal ætíð siglt að nýju inn fyrir landhelgi um leið og atvik eru ekki lengur fyrir hendi sem gerðu för hans út fyrir landhelgina nauðsynlega.
- 9.2 Vátryggingin gildir ekki fyrir útleigu og/eða fólks- eða vöruflutninga.
- 10. Varúðarreglur.**
- 10.1 Þegar bátur er í höfn eða í lægi skal ganga tryggilega frá festum hans. Þegar bátur er á landi eða í höfn til lengri tíma skal fjarlægja allan lausan búnað, þar með taldar handfærarúllur og geyma sérstaklega, sbr. d. lið gr. 3.1.



700 Húftrygging smábáta

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- 10.2 Vátryggðum ber jafnframt að hafa reglubundið eftirlit með bátnum.
- 10.3 Til þess að tryggja að tölvur, rafeindatæki, rafeindabúnaður og hugbúnaður virki eðlilega við tímaskráningar skal vátryggingartaki sjá um:
- a. að framleiðendur ofangreindra hluta og búnaðar gefi yfirlýsingu um að þessi tæki virki með eðlilegum hætti við tímaskráningar,
 - b. að ofangreindur búnaður og hlutir hafi verið prófaðir af sérfróðum mönnum til þess að ganga úr skugga um að þeir virki eðlilega við tímaskráningar, ef framleiðendur hafa ekki getað eða viljað gefa yfirlýsingu skv. a. lið.
- 10.4. Ef það kemur fram í yfirlýsingu eða prófun skv. 4. mgr. að hlutirnir kynnu að virka með óeðlilegum hætti við einhverjar tímaskráningar ber vátryggingartaka að gera ráðstafanir til þess að leysa þann vanda sem þetta skapar. Með tímaskráningu er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tilgreiningin virkar sem upplýsingar, kódi, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða samblandi þess hvoru tveggja.
- 10.5 Brot gegn framangreindum varúðarreglum og öðrum gildandi varúðarreglum getur leitt til þess að félagið er laust úr ábyrgð í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga.

11. Ásetningur og stórkostlegt gáleysi.

- 11.1 Valdi vátryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta. Hið sama gildir um ábyrgð félagsins hafi maki vátryggðs, börn hans, starfsmenn eða aðrir um borð í bátnum valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

12. Skaðatrygging.

- 12.1 Um vátryggingu þessa gildir sú grundvallarregla að hún er skaðatrygging og greiðast ekki hærri bætur en þarf til að bæta tjón það sem orðið hefur.

13. Vátryggingarverð.

- 13.1 Í byrjun vátryggingartímabils skulu vátryggingartaki og félagið koma sér saman um vátryggingarverðið. Það samkomulag er bindandi fyrir félagið, nema leitt sé í ljós að vátryggingartaki hafi gefið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um atriði, sem skipta máli við verðákvörðun.
- 13.2 Verðákvörðun verður einnig vikið til hliðar ef hið tiltekna verð er hærra en svo að sanngjarnt sé að telja það vátryggingarverð skipsins.

14. Gildistími og uppsögn.

- 14.1 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingar- eða endurnýjunarskírteini. Þegar tímabilinu lýkur framlengist vátryggingin um eitt ár í senn nema vátryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. gr. 15.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Sé vátryggingin hins vegar tekin vegna atvinnurekstrar og umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis skal uppsögnin ávallt hafa borist félaginu í síðasta lagi einum mánuði fyrir lok tímabilsins.
- 14.2 Þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og svo háttar um reksturinn sem greinir í lokamálslið 1. mgr. getur vátryggingartaki ekki sagt vátryggingarsamningnum upp á vátryggingartímanum til að flytja vátrygginguna til annars félagsins.
- 14.3 Nú hefur vátryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og vátryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar vátryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja vátryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

15. Greiðsla iðgjalds.

- 15.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar vátryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir vátryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur



700 Húftrygging smábáta

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 15.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. (málgrein) er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga ella fellur váttryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.
- 15.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 15.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 15.5 Falli váttrygging niður skv. 2. mgr. skal váttryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.
- 15.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

16. Endurgreiðsla iðgjalds.

- 16.1 Falli váttryggingarsamningurinn úr gildi áður en váttryggingartímabilinu lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við það sem eftir er af váttryggingartímabilinu.
- 16.2 Réttur til endurgreiðslu iðgjalds fellur niður verði báturinn fyrir algjöru tjóni.
- 16.3 Engin endurgreiðsla er vegna hafnarlegu, en fyrir hvern dag sem bátur er í sátri endurgreiðast 0,15% af ársiðgjaldi. Skilyrði er að báturinn sé a.m.k. 20 daga samfelld í sátri.

17. Eigendaskipti.

- 17.1 Ef eigendaskipti verða að bátnum eða hann er settur undir aðra útgerðarstjórn fellur váttryggingin úr gildi.

18. Tilkynning um tjón og ráðstafanir vegna tjóns.

- 18.1 Þegar tjón er orðið skal váttryggingartaki tafarlaust skýra félaginu frá því. Sama gildir ef hann fær eða ætti að fá vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa, sem ætla má að váttryggingin ná til, verði gerð á hendur honum.
- 18.2 Er tjón hefur gerst eða bein hættu er á því að það muni bera að höndum ber váttryggingartaka að reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því.
- 18.3 Váttryggingartaki skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.
- 18.4 Eigi má váttryggður viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bótakröfur við þriðja mann án samþykkis félagsins, nema leitt sé í ljós að váttryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti hennar.
- 18.5 Vanræksla á skyldum váttryggðs samkvæmt 1. til 4. mgr. getur varðað lækkun eða missi bóta eftir lögum um váttryggingarsamninga.

19. Réttur félagsins til að fjalla um kröfur þriðja aðila.

- 19.1 Ef skaðabótakrafa kemur fram á hendur váttryggðum á því sviði, sem váttryggingin nær til, á félagið rétt til að annast uppgjör og málsvörn, ef til hennar kemur. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð. Komi váttryggður í veg fyrir að félagið geti fjallað um slík mál og tjón verður hærra af þeim sökum, er félaginu ekki skylt að greiða hækkunina.

20. Viðgerð og samráð um hana.

- 20.1 Váttryggingartaki skal sjálfur annast um viðgerð á skemmdum á bátnum nema félagið fari fram á annað.
- 20.2 Váttryggingartaka er skylt að hafa fullt samráð við félagið um hvar og hvenær viðgerð fer fram á skemmdum sem váttryggingin skal bæta. Geri hann það ekki er félaginu óskylt að greiða kostnaðarauka sem af því leiðir.

21. Algert tjón.

- 21.1 Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón í eftirfarandi tilvikum:



700 Húftrygging smábáta

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- a. báturinn ferst eða verður fyrir svo miklum skemmdum, að ekki er unnt að bjarga honum og gera við hann,
- b. báturinn verður fyrir svo miklum skemmdum, að kostnaður við að bjarga honum og gera við hann nemur hærrí fjárhæð en váttryggingarverðinu,
- c. báturinn týnist eða hverfur og ekki hefur til hans spurst að liðnum þremur mánuðum frá því félaginu var tilkynnt um hvarfið, en við það tímamark sem hér greinir telst váttryggingaratburður samkvæmt þessum staflíð einnig hafa orðið.

22. Sönnunarbyrði.

- 22.1 Um váttryggingu þessa gildir sú almenna regla að sönnunarbyrðin hvílir á váttryggingartaka bæði um það að tjón falli undir váttryggingarsamninginn og einnig hve miklu tjónið nemur.

23. Fjárhæð váttryggingabóta.

- 23.1 Ef báturinn ferst eða verður dæmdur óbætandi, sbr. 21. gr., bætir félagið tjónið með því að greiða váttryggingarverðið, sbr. 3. gr.
- 23.2 Skemmdir á bátnum bætir félagið með því að greiða nauðsynlegan viðgerðarkostnað sem fallið hefur á váttryggðan.
- 23.3 Engar bætur koma fyrir óviðgerðar skemmdir á bátnum ef hann ferst án þess að viðgerð hafi farið fram.
- 23.4 Við uppgjör tjóna á vélum, tækjum og vélbúnaði bátsins áskilur félagið sér rétt til að lækka bætur um 6% fyrir hvert ár frá smíði vélar, tækis eða vélbúnaðar í allt að 12 ár.

24. Tjónsfrádráttur.

- 24.1 Bætur vegna hvers einstaks tjóns aðrar en fyrir algert tjón skulu háðar frádrætti eins og hann er ákveðinn í váttryggingarsamningnum.

25. Réttur til leifa váttryggðra muna

- 25.1 Þegar félagið hefur greitt bætur fyrir tjón er félaginu heimilt að taka yfir þá váttryggðu muni, sem bætur hafa verið greiddar fyrir, ásamt tiltækum skjölum og sönnunargögnum varðandi hið váttryggða.
- 25.2 Ef bætur eru greiddar fyrir algert tjón skv. 21. gr. getur félagið krafist afsals fyrir hinu váttryggða.

26. Réttur veðhafa.

- 26.1 Nú eru hinir váttryggðu hagsmunir veðsettir og telst þá váttryggingin einnig vera veðhöfum til hagsbóta þó svo að þeir öðlist ekki meiri rétt gagnvart félaginu en eigandinn.

27. Greiðsla bóta og vextir.

- 27.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta váttryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Sé um algert tjón að ræða samkvæmt a. og b. liðum gr. 21.1 verður félagið þó ekki krafíð um bætur fyrr en að liðnum tveimur mánuðum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta váttryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta.
- 27.2 Váttryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. váttryggingarsamningalaga.

28. Endurkröfuréttur.

- 28.1 Bæti félagið tjón sem þriðji aðili ber skaðabótaábyrgð á, öðlast það rétt váttryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur.

29. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

- 29.1 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 29.2 Þrátt fyrir úrræði 1. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingartaka.



700 Húftrygging smábáta

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

29.3 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til vátryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við vátryggingarsvikum og ofgreiðslu vátryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónpola, tjónsnúmer, tegund vátryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins vátryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónpoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 1. desember 2025.